



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðuneytið

b.t. Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík 15. júní 2023

Efni: Fræðsluskylda stjórnvalda og réttur barna til að hefja nám við hæfi í framhaldsskóla

Umboðsmaður barna fær reglulega ábendingar vegna barna á fræðsluskyldualdri sem hefur verið hafnað um nám í framhaldsskóla. Umboðsmaður sendi bréf vegna þessa til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þann 12. október 2017 og var það einnig gert þann 3. september 2018. Þar gerir umboðsmaður alvarlegar athugasemdir við að stjórnvöld uppfylli ekki fræðsluskyldu sína gagnvart öllum börnum án mismununar og börnum, m.a. fötluðum börnum, sem óskað hafa eftir að sækja framhaldsskóla sé hafnað um skólavist. Samkvæmt ábendingum sem embættið hefur fengið er þessi staða óbreytt.

Samkvæmt 28. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur var hér á landi árið 2013, sbr. lög nr. 19/2013, eiga öll börn rétt á framhaldsmenntun við hæfi. Fræðsluskylda stjórnvalda er jafnframt lögfest í 32. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 en þar segir að öll börn sem lokið hafa grunnskólanámi eða náð 16 ára aldri eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Í athugasemdum með fyrrnefndu ákvæði er áréttað að öll börn sem náð hafa 16 ára aldri eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla og ákvæðið feli í sér að fræðsluskylda taki til allra ólöggráða nemenda.

Það er því skýrt brot á réttindum barna ef ekki er hægt að verða við beiðni þeirra um að sækja framhaldsskóla. Skortur á fjármagni, aðstöðu eða starfsfólki getur ekki réttlætt brot á grundvallarmannréttindum barna.

Umboðsmaður barna telur það jafnframt með öllu óásættanlegt að börnum sé synjað um skólavist á þeim grundvelli að sérþarfir þeirra séu það miklar að framhaldsskólar séu ekki í stakk búnir að taka við þeim, eins og dæmi eru um, enda ber ráðuneytinu að tryggja að slíkt svigrúm sé ávallt til staðar. Í 2. gr. Barnasáttmálans, er kveðið á um skyldu ríkisins til þess að tryggja öllum börnum réttindi sín, án mismununar, m.a. með tilliti til fötlunar. Réttur fatlaðra

barna til menntunar til jafns við aðra er enn fremur sérstaklega áréttaður í 23. gr. sáttmálans og 24. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Með vísan til framangreinds, óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það hvaða ráðstöfunum ráðuneytið hyggst grípa til í þeim tilgangi að tryggja að öll börn sem þess óska geti stundað nám í framhaldsskóla.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Þess er jafnframt óskað að umræddar upplýsingar og skýringar berist umboðsmanni barna svo fljótt sem auðið er.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna